


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Verkleg hjúkrun, líkamsbeiting og sjúkraskrár (HJVG1VG06)</b>	
<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>		

<b>Kennari</b>	Inga Björg Ólafsdóttir ( <a href="mailto:inga@vma.is">inga@vma.is</a> )	<b>Sk.st.</b>	IBÓ
----------------	---	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er fjallað um nánasta umhverfi sjúklunga á heilbrigðisstofnunum og á heimili hans svo sem sjúkrarúmið, sjúkrastofuna og ýmis hjálpartæki. Fjallað er um persónulegar þarfir sjúklunga og leiðir til að mæta þeim. Fjallað er um fylgikvilla rúmlegu, mælingar og mat á lífsmörkum og skráningu þeirra, þar með talið öndunaraðstoð og súrefnisgjöf. Fjallað er um hreinlæti, smitgát, sýnatökur og frágang sýna. Farið er í líkamsvitund og líkamsbeitingu, vinnutækni við ólíkar aðstæður og mismunandi störf. Fjallað er um leiðir til að draga úr líkamlegu og andlegu álagi við vinnu. Nemandinn leysir ýmis verkefni, með og án léttitækja. Að auki er fjallað um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í sjúkraskrá, varðveislu gagna, þagnarskyldu um upplýsingar í sjúkraskrá og rafræna sjúkraskrá. Farið í lög um sjúkraskrá, réttindi sjúklunga, hlutverk og skyldur heilbrigðisstarfsfólks í tengslum við sjúkraskrá.

**Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**


- mikilvægi þess að virða persónuleg mörk og persónulegt rými skjólstæðings
- mismunandi legu skjólstæðings í rúmi
- mikilvægi líkamlegs hreinlætis, tannhirðu, næringarinntektar og úrgangslösu
- mikilvægi hreinlætis, smitgátar og smitgátarvinnubragða
- umgengni við æðaleggi, súrefnisleggi, þvagleggi, þvagpoka og framkvæmd sýnatöku
- mikilvægi lífsmarkamælinga
- persónulegum hjálpartækjum skjólstæðinga og umhirðu þeirra
- meðhöndlun hjúkrunargagna
- líkamsvitund, hreyfingu og mismunandi vinnuaðstöðu
- ýmsum léttitækjum sem draga úr líkamlegu álagi og hættu á álagsmeinum
- hvað sjúkraskrár eru, varðveislu þeirra og á hvaða formi þær eru varðveittar
- hvaða lög gilda um réttindi sjúklunga, sjúkraskrár og heilbrigðisstarfsfólk

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- beita mismunandi aðferðum til þess að hagræða skjólstæðingi
- umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu
- búa um skjólstæðing í mismunandi aðstæðum
- nota viðeigandi aðferðir við sýnatöku og frágang sýna
- undirbúa, framkvæma og skrá lífsmarkamælingar
- aðstoða skjólstæðing við tannhirðu og persónulegt hreinlæti
- aðstoða skjólstæðing við að matast og skrá næringarinntekt og útskiðnað úrgangsefna
- farga hjúkrunargögnum á viðeigandi hátt
- skipuleggja vinnurými sitt með tilliti til góðrar líkamsbeitingar og annarra áhrifaþátta í vinnuumhverfi
- aðstoða skjólstæðing við notkun hjálpartækja
- skrá samkvæmt skráningarkerfum sem notuð eru í heilbrigðiskerfinu
- leita í rafrænni sjúkraskrá að upplýsingum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- umgangast sjúkrastofuna og umhverfi sjúklungs á viðeigandi hátt
- annast daglegan umbúnað sjúkrarúms með og án skjólstæðings við mismunandi aðstæður
- undirbúa og veita skjólstæðingi persónulega aðhlyningu
- sýna lífsgildum skjólstæðings virðingu
- sýna umhyggju í samskiptum skjólstæðinga, aðstandenda og samstarfsfólks
- gera sér grein fyrir áhrifum vinnunnar á líkamann og mikilvægi góðrar líkamsbeitingar
- nýta góða vinnutækni og finna leiðir til að efla líkamsbeitingu og vinnutækni
- greina afleiðingar og einkenni rangrar líkamsbeitingar og vinnutækni og finna leiðir til að verjast þeim
- vinna að eigin heilsuefningu og vellíðan með því að nota rétta líkamsbeitingu og vinnutækni
- upplýsa aðra um kosti góðrar líkamsbeitingar og vinnutækni
- kynna lög um sjúklunga, sjúkraskrá og heilbrigðisstarfsfólk á greinagóðan hátt
- nýta rafræna sjúkraskrá
- rökstyðja lög er varða sjúklunga, heilbrigðisstarfsfólk og umhverfi þeirra

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>  <b>Verkleg hjúkrun, líkamsbeiting og sjúkraskrár (HJVG1VG06)</b>  <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

**Námsgögn:** A. Efni sett inn á kennsluvef.

B. Hjúkrun 1. þrep, Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2016 af Iðnú.

Vika	Áætlun um yfirferð	Verkefni
1. Lota:	Kynning á áfanga. Fræða um sprautur vegna lifrabólgu B og berklaprófs vegna vinnustaðanáms. Handþvottur, smitgát, sýkingarvarnir og hreinlæti. Sjúkrarúm, umbúnaður, umhverfi sjúklings, heimsókn á sjúkradeild, helstu vistarverur og hjálpartæki skoðuð.	Verklegar æfingar. Heimsókn, skýrslu skilað.
2. Lota:	Umbúnaður, lakaskipti frá hlið og höfðalagi, alskipti. Skyrtuskripti og umbúnaður. Lífsmörk mæld og skráð.	Verklegar æfingar
3. Lota	Persónuleg hirðing, hárfvottur í rúmi. Sjúklingur aðstoðaður í fót og teygjusokka.	Verklegar æfingar
4. Lota	Aðstoð við ADL, umbúnaður og sjúklingi snúið í rúmi, fært inn á snúningsskema, böðun, fótabað. Sýkingarvarnir	Verklegar æfingar
5. Lota	Aðstoð við að borða, vöskvaskrá, munnhirðing, bekjugjöf, sýnatökur	Verklegar æfingar
6. Lota	Undirbúningur aðgerðasvæða, farið í sterila hanska og umgengni við sterila hluti, smitgát.	Verklegar æfingar
7. Lota.	Upprifjun og æfingar. Eyðublöð útfyllt og hjúkrunaraðgerðir færðar inn.	Myndbandsverkefni Skriflegur prófhluti
Samhliða lotum er farið í	Farið í líkamsbeitingu og starfsstillingar, s.s. hjálpað í stól, studdur á göngu, snúningur og tilfærsla í rúmi og hjálpað upp í rúm. Einnig farið í legusáravarnir. Sjúkraskrár og varðveisla gagna. Lög og réttindi sjúklunga.	

### Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verklegt próf	Verklegt próf í lokaprófstíð	60 %	
Tímapróf	Þrjú 5 % tímapróf á önn (tímasetning ákveðin á önn)	15 %	
Myndbandsverkefni	Unnið í 3ja manna hóp seinni hluta annar. Sýnikennsla.	7 %	
Skriflegt	Skriflegur prófhluti í annarlok (viku 47-48)	10 %	
Vinnubók	Skýrslu skilað eftir skoðunarferð, gátlisti færður yfir unnin verkefni, eyðublöð útfyllt og verkefni. Skrifleg umsögn nemandans á námi sínu í áfanganum (sjálfsmat).	5 %	
Vinna og ástundun	Vinnubrögð, meðferð áhalda og nýting tíma, umgengni, frágangur á stofu, mæting	3 %	
<b>Annað:</b> Nemandi þarf að ná 4 í verklega lokaprófinu til þess að geta lokið áfanganum og að vetrareinkunn gildi til lokaekunnar. Verkefnum skal skila á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag.			

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á yfirferð námsefnis.

Dagsetning: 19.8.19

Inga B. Ólafsd.  
Undirritun kennara

María A. Tr.  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils